

Djáknar á Íslandi í 25 ár

Skýrsla

Inngangur

Þessi skýrsla um stöðu djákna í íslensku þjóðkirkjunni á árunum 1995–2019 var unnin af Halldóri Elíasi Guðmundssyni í samstarfi við Ragnheiði Sverrisdóttur fyrir kærleikspjónustusvið Biskupsstofu. Markmiðið með henni er að lýsa þróun á stöðu djákna og kasta fram spurningum um framtíðarhlutverk djákna í íslensku þjóðkirkjunni.

Aðferðafræði

Um mitt ár 2019 leitaði kærleikspjónustusvið Biskupsstofu til skýrsluhöfundar og óskaði eftir samantekt á upplýsingum um þróun djáknaembættisins í íslensku þjóðkirkjunni frá árinu 1995, en það ár brautskráðust fyrstu djáknakandídatarnir frá Háskóla Íslands.

Þegar þessi vinna hófst kom fljótlega í ljós að ekki var hægt að finna á einum stað upplýsingar um nám, vígslu, starfsþjálfun og starfsvettvang djákna. Kærleikspjónustusvið Biskupsstofu hafði undir höndum nokkra nafnalista yfir djákna og djáknakandídata. Þessir listar höfðu verið útbúnir á mismunandi tímum og á þeim var stundum tiltekinn starfsvettvangur skráður og upplýsingar um starfsþjálfun. Höfundur sameinaði listana í einn og var sá listi síðan notaður sem grunnur að frekari gagnasöfnun. Við gagnasöfnunina var notast við fréttatilkynningar á vefsíðu kirkjunnar og í fjölmiðlum, ásamt starfsauglýsingum. Stuðst var við *Árbækur kirkjunnar*, jafnt skýrslur prófasta í þeim sem lista yfir starfsfólk. Þegar misræmi fannst, eða ef ekki tókst að finna upplýsingar um einstaka djákna, var leitað eftir upplýsingum á heimasíðum safnaða og í einhverjum tilfellum var stuðst við óskráð og óformleg samtöl. Þá var notast við tilkynningar Háskóla Íslands um brautskráningar frá skólanum til að fá upplýsingar um fjölda brautskráðra djáknakandídata við hverja brautskráningu frá febrúar 1995 og fram til hausts 2019.

Gögnunum var safnað í gagnagrunn þar sem teknar voru saman upplýsingar um fæðingardag, kyn, útskrift úr starfsþjálfun, vígsludag, vígslunúmer, menntun og kirkjulegan starfsvettvang vígðra djákna. Grunnurinn er nú í vörslu Biskupsstofu.


Yfirlit

Frá því að fyrsti djákninn í íslensku þjóðkirkjunni var vígður á síðari tímum og fram í september 2019 hafa 62 djáknar starfað í trúarlegri þjónustu á Íslandi. Af þeim voru

þrjú vígð á Íslandi fyrir árið 1995¹ og tvö erlendis², sem síðar komu til þjónustu í íslensku þjóðkirkjunni. Alls hafa 57 einstaklingar þegið djáknavígslu á Íslandi frá árinu 1995 og hafa flestar þeirra farið fram í Dómkirkjunni í Reykjavík en nokkrar í Skálholtsdómkirkju. Í heildina má því líta svo á að 62 djáknar hafi starfað á Íslandi nú í seinni tíð, þ.e. á tímabilinu sem skýrslan tekur til og á árunum þar á undan.

Upplýsingar um nám

Af þeim 57 sem hafa þegið djáknavígslu á Íslandi frá 1995 sést að tvö luku námi³ erlendis en 55 við Háskóla Íslands. Á ofangreindu tímabili lauk alls 121 djáknanámi frá Háskóla Íslands og af þeim luku 110 starfsþjálfun í þjóðkirkjunni.



Mynd 1. Yfirlit yfir fjölda þeirra sem luku djáknanámi frá Háskóla Íslands á ofangreindum tímabilum, þeirra sem luku starfsþjálfun í þjóðkirkjunni og þeirra sem þáðu djáknavígslu.

Á því 25 ára tímabili sem hér er til umfjöllunar, þ.e. frá 1995–2019, hlutu 50% þeirra sem luku starfsþjálfun hjá þjóðkirkjunni vígslu. Hæst varð hlutfallið á árunum 2010–2014 þegar tæplega 71% af brautskráðum nemum úr starfsþjálfun hlaut vígslu. Lægst var hlutfallið aftur á móti á tímabilinu 2015–2019 þegar hlutfall vígðra var 35% af þeim sem luku starfsþjálfun.

Athygli vekur að þau sem hafa þegið vígslu sem djáknar voru allflest vígð innan tveggja ára frá lokum starfsþjálfunar, eða 35 af 55.⁴ Ellefu til viðbótar fengu vígslu innan fjögurra ára og sex eftir fjögur til sjö ár. Tveir djáknar voru vígðir eftir lengri bið, önnur fékk vígslu sjö og hálfu ári eftir starfsþjálfun og hin fjórtán og hálfu ári eftir að starfsþjálfun lauk.

Þá er eftirtektarvert að 28 hafa verið vígð af þeim 46 sem lokið hafa BA-gráðu í guðfræði — djáknanámi, eða tæplega 61%, en aftur á móti einungis 36% þeirra sem lokið hafa 60e framhaldsnámi, svokallaðri viðbótardiplómu (27 af 75). Þegar skoðuð

¹ Vígsla til þjónustu í Grímsey 1961, vígsla til þjónustu í Hallgrímskirkju 1965 og vígsla til þjónustu í Grensáskirkju 1979.

² Vígsla í Svíþjóð 1981 og vígsla í Þýskalandi 1997.

³ Nám í Danmörku (vígsla árið 2000) og nám í Noregi (vígsla 2002).


⁴ Í þessari tölu eru ekki þau sem þáðu vígslu fyrir 1995 eða voru vígð eða lærðu erlendis.

er samsetning þeirra sem lokið hafa viðbótardiplómu og fengið vígslu má sjá að þrettán höfðu áður lokið kennaranámi, tvær voru leikskólakennarar og átta höfðu lokið námi í hjúkrunarfræði. Þá höfðu fjórar lokið annars konar háskólanámi.

Rétt er að nefna að af sjö körlum sem lokið hafa starfsþjálfun sem djáknar á Íslandi frá 1995 hafa fimm þegið djáknavígslu, eða 71%, en 50 af 103 konum, eða 48,5%.

Hverjir eru djáknar?

Hlutfall kvenna af djáknum er 85%, eða 53 af 62. Kynjahlutfall þeirra sem lokið hafa starfsþjálfun á Íslandi er aftur á móti þannig að konur eru 94% þeirra sem lokið hafa starfsþjálfun, eða 103 af 110, og karlar þá 6%. Meðalaldur djákna við vígslu er 44 ár og sjö mánuðir. Meðalaldur karlanna við vígslu er 36 ár og þrjú mánuðir en meðalaldur kvennanna er 46 ár. Sex djáknar hafa fengið vígslu fyrir þrítugt en fjögur eftir sextugt.




Mynd 2. Fjöldi djákna sem var á tilteknum aldri í lok september (þegar upplýsingum var safnað) (blá súla) og fjöldi djákna sem var á tilteknum aldri við vígslu (rauð súla).

Þegar upplýsingarnar um djáknaþópinn voru teknar saman í september 2019 má jafnframt sjá að einungis fjögur eru undir fertugu, átján djáknar eru yfir sextugu, ellefu eru yfir sjötugu og þrjú eru látin.

Störf djákna

Mikilvægt er að taka fram að upplýsingar um fjölda djákna í störfum hjá kirkjunni eru nokkuð á reiki. Ekki er til samræmdur skilningur á því hvað felst í að vera djákni í trúarlegri þjónustu. Sú leið er farin í þessari skýrslu að miða eingöngu við þá djákna ráðnir eru til að sinna trúarlegri þjónustu við kirkjur eða hjá félagasamtökum og stofnunum sem veita slíka þjónustu.

Þrátt fyrir að 62 einstaklingar hafi þjónað sem djáknar á Íslandi á tímabilinu sem skýrslan tekur til hafa aldrei fleiri en 28 verið í trúarlegri þjónustu hjá kirkjunni, stofnunum eða félagasamtökum á sama ári, en það gerðist árin 2007 og 2008. Frá árinu 1995 og til ársins 2007 mátti sjá djáknum í trúarlegri þjónustu fjölga jafnt og þétt en frá 2008 hefur djáknum í trúarlegri þjónustu aftur á móti fækkað. Fjöldinn náði lágmarki 2013 annars vegar og 2018 hins vegar. Þau ár voru einungis 19 djáknar í trúarlegri þjónustu og höfðu djáknar ekki verið svo fáir frá árinu 2001. Síðan fjölgaði þeim aftur á árinu 2019 en það ár voru þeir 22.



Mynd 3. Fjöldi djákna í trúarlegri þjónustu (þ.e. hjá þjóðkirkjunni, stofnunum (t.d. sjúkrastofnunum) og félagasamtökum) annars vegar og fjöldi djákna alls á vinnumarkaði hins vegar (þ.e. bæði við trúarlega þjónustu og utan hennar).

Djáknum alls á vinnumarkaði (þ.e. bæði í og utan trúarlegrar þjónustu) fjölgaði mjög hratt frá 1995 og fram til 2011 þegar djáknar voru alls 42.⁵ Frá 2011 hafa djáknar alls á vinnumarkaði verið á milli 41 og 46.




Mynd 4. Starfsreynsla djákna við trúarlega þjónustu í árum talið að meðaltali árið 2019 (lóðrétti ásinn) eftir vígsluári (lárétti ásinn).

⁵ Djáknar eldri en 70 ára teljast ekki virkir á vinnumarkaði. Eins eru djáknar sem hafa tekið prestsvígslu ekki hafðir með í þessum tölum.

Þegar meta á hversu langan starfsaldur djákna hafa í trúarlegri þjónustu má gefa sér að þau sem hafa hæstan vígslualdur hafi að öðru jöfnu einnig lengstan starfsaldur. Þegar starfs-/vígslualdur er settur upp í stöplari ætti að fást tiltölulega einföld yfirsýn (**mynd 4**). Súlan lengst til vinstri ætti að vera hæst en síðan ættu súlurnar að lækka jafnt og þétt eftir því sem að við færumst nær árinu 2019. Þegar meðalstarfsaldur, miðað við vígsluár, er skoðaður kemur hins vegar í ljós að stöplariðið er ekki eins og reikna hefði mátt með. Djákna sem voru vígðir á árunum 2003–2010 hafa starfað mun skemur sem djákna en þau sem voru vígð á árunum bæði á undan og eftir. Þetta frávik í starfsaldri er vert nánari skoðunar. Þó að efnahagshrunið komi upp í hugann sem skýring, má velta fyrir sér hvort sú skýring sé einhlít eða hvort aðrar ástæður kunni að liggja hér að baki.

Eins og áður hefur komið fram hafa djáknanemar mismunandi bakgrunn, auk þess sem tvær ólíkar námsleiðir eru í boði. Þegar skoðaður er fjöldi ára í trúarlegri þjónustu með hliðsjón af fyrri menntun og því hvor námsleiðanna hefur verið valin vekur athygli að hjúkrunarfræðingar með viðbótardiplómu höfðu árið 2019 verið í trúarlegri þjónustu sem djákna að jafnaði í 13 ár en djákna með BA-próf í rétt um 6,5 ár.

Nánari greiningu á þessu má sjá á **mynd 5** hér á eftir.



Mynd 5. Meðalstarfsaldur djákna við trúarlega þjónustu að meðaltali, skipt eftir námsleið og fyrri námi.

Hverjir ráða djákna?

Frá árinu 1995 hafa 59 vinnuveitendur ráðið djákna til trúarlegrar þjónustu. Af þeim eru 29 söfnuðir og fimm kirkjustofnanir eða prófastsdæmi, 16 sjúkrastofnanir eða hjúkrunarheimili, fjórir skólar og fimm félagasamtök. Í nokkrum tilfellum er um samstarfsverkefni að ræða milli tveggja eða fleiri vinnuveitenda.

Af þessum 29 söfnuðum eru 16 í Reykjavíkuprófastsdæmunum og sex í Kjalarnesprófastsdæmi. Þá hafa þrjú söfnuðir í Suðurprófastsdæmi haft djákna í starfi, tveir

söfnuðir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og auk þess starfaði djákni um tíma í sameiginlegu verkefni tveggja prestakalla í Vesturlandsprófastsdæmi. Einn djákni var vígður til safnaðar utan þjóðkirkjunnar.

Þegar vinnustaðirnir eru skoðaðir nánar kemur í ljós að 37 af þessum vinnustöðum hafa haft djákna í vinnu skemur en tíu ár. Jafnframt hafa 37 vinnustaðir einvörðungu haft einn djákna í vinnu frá 1995, þótt ekki séu það sömu vinnustaðir.

Við getum séð að 22 vinnuveitendur hafa haft djákna í starfi í tíu ár eða lengur. Fjórtán þeirra hafa haft fleiri en einn djákna í starfi á þessum árum. Þar af eru tíu söfnuðir, einn skóli, ein félagasamtök, Hjúkrunarheimilið Sóltún og Biskupsstofa. Færa má rök fyrir því að hjá þessum fjórtán vinnuveitendum sé til staðar skilningur á djáknaþjónustu sem hefur leitt til langtímaráðningarsambands við fleiri en einn djákna, enda er það svo að af þessum fjórtán vinnuveitendum eru einungis þrír sem ekki hafa starfandi djákna í dag. Þeir eru Öryrkjabandalag Íslands, sem var í samstarfi við Laugarneskirkju (ein staða, tveir vinnuveitendur) en þar er nú safnaðarráðinn prestur, og þriðji vinnuveitandinn er Selfoskirkja, en þar var bætt við stöðu prests um það leyti sem djáknastaðan var lögð niður.

Þannig má færa rök fyrir því að ellefu vinnuveitendur leggi ríka áherslu á að ráða djákna til trúarlegrar þjónustu. Um er að ræða tíu stöður, þar sem í einu tilfelli er um samstarfsverkefni tveggja vinnuveitenda að ræða (Lágafellssóknar og Lágafellsskóla).

Ráðningar djákna

Eins og áður hefur komið fram þá hefur tæplega 61% þeirra djáknakandídata sem lokið hafa BA-gráðu⁶ fengið vígslu en einungis 36% þeirra sem lokið hafa viðbótardiplómu.⁷

Átta einstaklingar sem bætt hafa við sig diplópanámi eftir hjúkrunarnám hafa þegið vígslu. Af þeim voru fjórar vígðar fyrir aldamót og einn hjúkrunarfræðingur hefur fengið vígslu síðan 2008. Í sjö tilvikum af átta þar sem hjúkrunarfræðingur var vígður til starfa sem djákni hjá tilteknum vinnuveitanda var sú hin sama þegar í vinnu hjá sama vinnuveitanda fyrir vígsluna og/eða tók virkan þátt í að koma djáknastöðunni á fót.

Um djákna sem hafa lokið viðbótardiplómu eftir kennaranám er mjög svipaða sögu að segja. Af þrettán kennurum með viðbótardiplómu voru a.m.k. níu þegar í vinnu hjá sama vinnuveitanda fyrir djáknavígsluna og eftir hana.

Í starfsreglum þjóðkirkjunnar um djákna nr. 738/1998, með síðari breytingum, kemur fram að

Biskup Íslands auglýsi[r] laus störf djákna í samráði við vinnuveitanda. Biskup kannar hvort umsækjendur uppfylli lögboðin skilyrði til starfsins. Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup umsóknir ásamt umsögn sinni til hlutaðeigandi vinnuveitanda (sóknarnefndar, stofnunar eða líknarfélags), sem ákveður, að höfðu lögboðnu samráði, hver skuli ráðinn og tilkynnir það prófasti.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur biskup ekki fylgt starfsreglum og auglýst starf djákna í að minnsta kosti 17 af þeim 21 skipti þegar ráðinn hefur verið djákni með kennara- eða húkrunarmenntun.

⁶ 28 af 46.

⁷ 27 af 75.


Hvað varðar djákna með BA-próf er staðan örlítið önnur. Gleráarkirkja, Áskirkja, Bessastaðasókn, Fella- og Hólakirkja og Hjúkrunarheimilið Sóltún eru einu vinnuveitendurnir sem hafa oftast en einu sinni fengið biskup Íslands til að auglýsa djákna-starf. Í einhverjum tilvikum hafa söfnuðir auk þess fengið biskup til að auglýsa slíkt starf sem þegar hefur verið gengið frá ráðningu í, til að uppfylla skilyrði starfsreglnanna.

Þá er algengt að félagasamtök og söfnuðir auglýsi eftir starfsfólki til að sinna einstökum starfsþáttum í starfi sínu og sé djákni ráðinn í starfið hafa vinnuveitendur að öðru jöfnu talað um að hafa „djákna í starfi“, þrátt fyrir að biskup Íslands hafi ekki auglýst starfið og sent umsögn til vinnuveitanda, líkt og gert er ráð fyrir í starfsreglunum.

Því virðist að það gerist sjaldnar en hitt að stuðst sé við starfsreglur um djákna þegar kemur að ráðningum djákna eða djáknakandídata. Hér er þó vert að nefna að á árunum 2013 og 2014 auglýsti biskup sex djáknastörf en svo mörg djáknastörf hafa ekki verið auglýst á tveggja ára tímabili, hvorki fyrir né síðar.

Staða djákna

Á haustdögum 2019 starfaði 21 djákni við trúarlega þjónustu. Af þeim höfðu tveir tvo vinnuveitendur. Djáknar störfuðu í þrettán söfnuðum, fjögur hjá sjúkra- og hjúkrunarstofnunum, tvö hjá félagasamtökum, tvö á Biskupsstofu, ein við prófastsdæmi og ein í skóla, alls gera þetta 23 vinnuveitendur.



Mynd 6. Heildarföldi vinnuveitenda sem hafa haft djákna í trúarlegri þjónustu annars vegar og vinnuveitendur sem höfðu djákna í trúarlegri þjónustu í september 2019 hins vegar.

Þegar horft er til þess að 59 vinnuveitendur hafa haft djákna í trúarlegri þjónustu, þá blasir við að sextán söfnuðir og ellefu sjúkra- og hjúkrunarstofnanir, þrenn félagasamtök, þrír skólar og tvær kirkjustofnanir sem hafa haft djákna í starfi hafa ekki lengur slíkan starfsmann. Það er mikilvægt að velta fyrir sér hvort mismunandi hugmyndir um starfssvið, stöðu og hlutverk djákna hafi átt þátt í að skapa þær aðstæður að 60% þeirra vinnuveitenda sem hafa haft djákna í starfi hjá sér hafa ekki lengur slíka starfsmenn.

Fjölpætt köllun og hlutastörf

Frá því að djáknavígslur voru teknar upp að nýju undir lok tuttugustu aldar hafa störf djákna oftast en ekki verið í formi hlutastarfa. Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um starfshlutfall einstakra djákna síðustu 25 ár svo að upplýsingar eru því miður ekki tiltækar um starfshlutföll. Þess eru dæmi um að djáknar séu ráðnir í 100% starf í söfnuðum og á stofnunum þar sem hluti starfsins er skilgreindur sem djáknastarf og annar hluti þess skilgreindur á annan hátt, t.d. sem kirkjuvarsla, skrifstofuþjónusta, mannauðsstjórnun eða hjúkrun. Á árinu 2019 voru um 40% starfandi djákna í fullu starfi sem djáknar en aðrir ýmist í hlutastörfum eða í fullu starfi þar sem hluti starfsins var skilgreindur sem „,ekki“ djáknastarf“.

Vígsluskilningur í þjóðkirkjunni

Mikilvægt er að skoða embættis- og vígsluskilning í íslensku þjóðkirkjunni til að skilja til fulls merkingu, stöðu og hlutverk djákna og framtíð djáknaþjónustunnar. Vísbendingar eru um að djáknavígsla og hlutverk hennar séu túlkuð á mismunandi hátt eftir hverjum og einum. Ýmsir túlki vígsluna sem eign eða starfsréttindi vígsluþega en ekki sem hlutverk eða þjónustu sem vígsluþegi sinnir ásamt kirkjunni sem heild, söfnuði eða sókn. Sambærilegan skilning á vígslu má sjá hjá ýmsum prestum þjóðkirkjunnar. Þessi vandi verður enn ljósari hjá djáknum þegar starfsreglum kirkjunnar er ekki fylgt við ráðningar. Hjá djáknum sem starfa við stofnanir eða í félagasamtökum, án vel skilgreindra tengsla við kirkjuna í heild eða einstaka söfnuði, styrkist þessi einstaklingsbundni vígsluskilningur og það að vera djákni verður fyrst og fremst starfstíll eða sérfræðiheiti.

Þetta þarf að bæta með því að tengja djákna á stofnunum og í félagasamtökum við kirkjuna með skýrum hætti, t.d. í gegnum sóknarkirkjur eða prófaste og/eða með skýrri upplýsingaskyldu djákna um störf sín gagnvart biskupi. Hér er brýnt að finna leiðir til að virkja tilsjónarhlutverk biskups og/eða prófaste með þjónustu djákna. Við það mætti hafa til hliðsjónar hvernig staðið er að eftirliti með störfum sérþjónustupresta.

Nýsköpun í tómarúmi

Djáknar hafa áhugaverðan starfsvettvang í söfnuðum, félagasamtökum og stofnunum, þar sem hlutverk þeirra er m.a. að skapa nýjar leiðir í trúarlegri þjónustu. Nýsköpun og framþróun kalla eftir grunni sem hægt er að byggja þetta starf á. Þeir djáknar sem hafa komið til þjónustu eftir starfsferil sem hjúkrunarfræðingar eða

kennarar, hafa mörg getað nýtt fyrri reynslu til að byggja upp fjölbreytt og áhugavert starf á mótum fyrri starfsferils og guðfræði. Fyrir nývígðan djákna getur verið mjög erfitt að ná árangri á nýjum starfsvettvangi án fyrri reynslu af kirkjulegu starfi, án starfsreynslu í kennslu eða húkrun eða ef fyrir í söfnuðinum/starfinu er ekki fagleg reynsla sem forveri úr hópi djákna hefur byggt upp. Djákni sem er nýkominn til starfa án sterkra tengsla við samstarfsfólk sitt eða fyrri innri þekkingu á kirkjulegri þjónustu sem hann getur byggt starf sitt á stendur að einhverju leyti að í lausu lofti. Nýsköpun á sér einfaldlega ekki stað í tómarúmi og þegar djáknar hafa ekki traustan grunn til að byggja starf sitt á getur verkefnið reynst þeim flókið og jafnvel illmögulegt.

Horft til framtíðar

- Þegar unnið verður að mótun framtíðarsýnar í kirkjunni er gífurlega mikilvægt að kirkjan hafi á einum stað upplýsingar um heildarstarfsemi sína. Mikilvægt er að á Biskupsstofu sé til gagnagrunnur með upplýsingum um störf og starfshlutföll, alls starfsfólks kirkjunnar, ekki aðeins djákna og presta.
- Brýnt er að endurmóta tilsjónarhlutverk prófests með sérstöku tilliti til djákna sem starfa við fjölbreytta sérþjónustu í félagasamtökum og hjá stofnunum.
- Í tengslum við gagnagrunnskerfi sem héldi utan um upplýsingar um starfsfólk í þjónustu kirkjunnar, þar með talið djákna, þarf að útbúa ferla svo að djáknar og annað starfsfólk kirkjunnar geti á einfaldan hátt sinnt upplýsingagjöf til biskups og Biskupsstofu.
- Starfsreglum kirkjunnar er ekki nægilega vel fylgt við auglýsingar á djáknastörfum. Meginástæða þess er að djáknastörf í kirkjunni eru mjög fá og í flestum tilfellum er um nýsköpunarverkefni að ræða sem viðkomandi djákni/djáknakandídat leiðir og/eða hefur þróað. Af þeim sökum er engum greiði gerður með að krefjast þess að störfín séu auglýst, enda eru þau flest mótuð af þeim einstaklingi sem kemur til með að gegna þeim.
- Djáknar og djáknakandídatar þurfa að hafa fastmótaða ferla sem þau geta notast við þegar þau hanna og móta nýtt starf, þar sem biskup metur hvort um sé að ræða djáknastarf. Slíkur ferill myndi endurspegla raunverulega mótun djákna-þjónustunnar á Íslandi mun betur en núverandi starfsreglur.
- Í ljósi þess að djáknar munu flest móta og þróa starf sitt sjálf er mikilvægt, sér í lagi í grunnnáminu (BA-náminu) að lögð sé mun sterkari og meiri áhersla á nýsköpun og safnaðaruppbyggingu en nú er gert. Það hefur enda sýnt sig að BA-nemar endast mun skemur í starfi en þau sem hafa annan bakgrunn hvað starfsreynslu og menntun varðar.